Föstudaginn 22. maí 1998.

Nr. 311/1997. **Andrés Andrésson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Ásmundi Ólafssyni og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Ólafur Axelsson hrl.,
Pétur Þór Sigurðsson hdl.) **og**
íslenska ríkinu
(Jón G. Tómasson hrl.)

Bifreiðar. Líkamstjón. Örorka. Skaðabótalög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1997. Krefst hann þess, að stefndu Ásmundur Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. verði dæmdir til að greiða sér óskipt 396.199 krónur með 2% ársvöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 4. október 1993 til 16. apríl 1996, og höfuðstólsfærist þeir vextir árlega, í fyrsta sinn 4. október 1994. Fjárhæðin beri síðan dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. apríl 1996 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að allir stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt aðallega 2.176.700 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 4. október 1993 til 13. febrúar 1997, en til vara 1.229.104 krónur með 2% ársvöxtum frá 4. október 1993 til 13. febrúar 1997, en til þrautavara 921.828 krónur með sömu vöxtum og greinir í varakröfu, en í báðum tilvikum höfuðstólsfærist þeir vextir árlega, í fyrsta sinn 4. október 1994. Í öllum tilvikum er krafist dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 13. febrúar 1997 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Ásmundur Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms gagnvart þeim og að áfrýjandi greiði þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi íslenska ríkið krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er hann varðar, og að áfrýjanda verði gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi. Ekki er deilt um fébóta-ábyrgð stefndu Ásmundar Ólafssonar og Sjóvár-Almennra trygginga hf. á grundvelli XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 vegna slyss áfrýjanda 4. október 1993.

Krafa áfrýjanda á hendur þessum stefndu, sem var upphaflega að fjárhæð 607.349 krónur, var lækkuð við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti í 396.199 krónur, þar sem stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafði 8. september 1997 greitt miskabótakröfu áfrýjanda, 211.150 krónur, sem dæmd var í héraðsdómi og ekki var ágreiningur um.

Krafa áfrýjanda á hendur stefnda íslenska ríkinu er á því reist, að 6. gr. skaðabótalaga mæli honum ekki fullar bætur fyrir þá skerðingu aflahæfis, sem hann hafi orðið fyrir í slysinu. Er þá vísað til þágildandi 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, nú 72. gr. samkvæmt stjórnskipunarlögum nr. 97/1995. Því var hins vegar lýst yfir af hálfu áfrýjanda við munnlegan málflutning, að þrautavarakröfu í síðari lið kröfugerðar hans væri ekki lengur beint gegn þessum stefnda.

II.

Í málinu gerir áfrýjandi kröfur á hendur stefndu Ásmundi Ólafssyni og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. um bætur fyrir tímabundið tekjutap, 128.319 krónur, og um þjáningabætur, 267.880 krónur.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest niðurstaða hans um sýknu stefndu af kröfu áfrýjanda um bætur fyrir tímabundið tekjutap.

Áfrýjandi krefst þjáningabóta fyrir 362 daga, þ. e. fyrir tímabilið, frá því að slys hans varð 4. október 1993 til 1. október 1994, en þá hafi ekki verið að vænta frekari bata samkvæmt álitsgerð örorkunefndar. Beri að greiða 740 krónur á dag samkvæmt 3. gr. skaðabótalaganna að meðtöldum verðbótum, sbr. 15. gr., en áfrýjandi hafi ekki verið rúmliggjandi á þessu tímabili. Túlkar áfrýjandi 1. mgr. 3.

gr. svo, að greiða skuli bætur fyrir allt ofangreint tímabil, en fjárhæð bóta fari eftir því, hvort tjónþoli sé rúmliggjandi eða ekki.

Í 1. mgr. 3. gr. skaðabótalaga segir, að greiða skuli þjáningabætur fyrir tímabilið, frá því að tjón varð, þar til ekki er að vænta frekari bata, 1.300 krónur fyrir hvern dag, sem tjónþoli er rúmfastur, og 700 krónur fyrir hvern dag, sem hann er veikur án þess að vera rúmliggjandi. Þegar sérstaklega standi á, sé heimilt að greiða þjáningabætur, þótt tjónþoli sé ekki veikur. Í frumvarpi að skaðabótalögum sagði svo meðal annars um þetta ákvæði: „Þjáningabætur eru fégjald fyrir þjáningar í kjölfar líkamstjóns. Bætur greiðast aðeins fyrir tiltekið tímabil, þ. e., þar til ekki er að vænta þess, að tjónþoli hljóti frekari bata. Samkvæmt frumvarpinu er almennt ekki heimilt að dæma þjáningabætur, nema tjónþoli sé veikur. Eftir það getur tjónþoli eftir atvikum átt rétt á bótum fyrir varanlegt ófjárhagslegt tjón, þ. e. varanlegan miska, sbr. 4. gr.“

Með hliðsjón af þessu og orðalagi ákvæðisins verður að líta svo á, að almennt beri einungis að greiða tjónþola þjáningabætur fyrir þann tíma, sem hann er veikur innan hins tilgreinda tímabils. Fjárhæð bótanna ræðst af því, hvort hann er rúmliggjandi eða ekki. Hins vegar er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að greiða slíkar bætur, þótt tjónþoli sé ekki veikur, sbr. 2. málslið ákvæðisins. Við mat á því, hvort tjónþoli sé veikur í skilningi ákvæðisins, hlýtur einkum að verða byggt á læknisfræðilegu mati og gögnum um læknismeðferð tjónþola á tímabilinu. Eins og fram kemur í héraðsdómi, segir í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis, að áfrýjandi hafi hvorki verið rúmfastur né veikur eftir slysið 4. október 1993. Virðist ljóst, að áfrýjandi hafi að mestu haldið áfram námi sínu eftir slysið, og lauk hann prófi í grafískri hönnun vorið 1994. Engu að síður kemur fram í matsgerðinni, að áfrýjandi hafi orðið að hætta vinnu sinni við hreingerningar eftir slysið. Þá kemur þar og fram, að hann hafi verið í sjúkraþjálfun í desember 1993 og síðan fimm fyrstu mánuði ársins 1994 og aftur allt haustið 1994. Í vottorði Þórgunnar Ársælsdóttur, læknis á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, 18. ágúst 1994 er greint frá komum áfrýjanda á slysadeildina 14. október og 18. nóvember 1993 og 20. janúar 1994. Segir þar meðal annars, að hann hafi ekki treyst sér til að stunda vinnu eftir slysið til áramóta vegna ýmiss konar eymsla og dofa af

völdum slyssins. Eftir komu á deildina 18. nóvember 1993 var hann sendur í sérhæfða sjúkraþjálfun.

Þegar litið er til gagna málsins um heilsufar áfrýjanda, frá því að slysið varð og til 1. október 1994, þykir mega leggja til grundvallar, að hann hafi verið veikur í skilningi 1. mgr. 3. gr. skaðabótalaga án þess að vera rúmliggjandi til ársloka 1993, en gögn eru ekki ljós um síðari tíma. Samkvæmt því á áfrýjandi rétt á þjáningabótum frá 4. október til 31. desember 1993, samtals í 89 daga. Óumdeilt er, að greiða skuli 740 krónur fyrir hvern dag, og nemur því sú fjárhæð, sem stefndu ber að greiða áfrýjanda samkvæmt þessum lið, 65.860 krónum.

III.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms með skírskotun til forsendna hans, að örorkunefnd hafi skort til þess vald að úrskurða, að með tjón áfrýjanda skyldi farið samkvæmt 8. gr. skaðabótalaga.

Líta verður svo á, að í 5.–7. gr. skaðabótalaga komi fram aðalreglur um ákvörðun bóta vegna skerðingar á varanlegri örorku. Í 8. gr. eru ákvæði um útreikning bóta, þegar ekki er unnt að nota árslaun til þess að ákveða bætur samkvæmt 6. og 7. gr. laganna, þar sem tekjuöflun tjónþola hefur verið mjög takmörkuð. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi að lögunum voru hér einkum höfð í huga börn, ungt námsfólk og þeir, sem vinna heimilisstörf. Á það verður fallist með héraðsdómi, að í 8. gr. felist undantekningarákvæði, sem túlka beri þröngt. Í dóminum er rakið, hvernig háttað var tekjuöflun og námi áfrýjanda, og ber að hafa í huga, að hann var þrítugur að aldri, er slys það varð, sem mál þetta er risið af. Með hliðsjón af þeim atriðum, sem um þetta eru rakin í héraðsdómi, og með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti er staðfest sú niðurstaða, að við útreikning bóta vegna skerðingar á varanlegri örorku áfrýjanda ætti að fara eftir ákvæðum 5.–7. gr. skaðabótalaga. Í IV. kafla hér á eftir verður fjallað um það, hvort þessi ákvæði gangi gegn stjórnarskrárvörðum réttindum áfrýjanda, eins og hann heldur fram, en með hliðsjón af ofangreindri niðurstöðu verður ekki tekin afstaða til málsástæðna áfrýjanda, sem lúta að því, að ákvæði 8. gr. laganna brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda og jafnræði.

IV.

Aðalkrafa áfrýjanda um bætur vegna tjóns af völdum varanlegrar örorku er reist á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 26. nóvember 1996 og þeim venjum um ákvörðun tjóns, sem tíðkuðust fyrir gildistöku skaðabótalaga 1. júlí 1993. Heldur áfrýjandi því fram, að í reiknireglu 6. gr. skaðabótalaganna sé fólgin skerðing á fullum bótum, sem fái ekki staðist gagnvart eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, en aflahæfi hans njóti verndar þess. Löggjafinn hafi sjálfur viðurkennt, að um slíka skerðingu sé að ræða, þar sem með lögum nr. 42/1996 hafi margfeldisstuðull 6. gr. skaðabótalaga verið hækkaður. Í varakröfu sinni krefst áfrýjandi þess, að miðað verði við þann stuðul, sem ákveðinn var í þessum lögum.

Fram að gildistöku skaðabótalaga naut ekki við lögfestra reglna um bætur vegna líkamstjóns. Myndast hafði dómvenja um útreikning bóta, sem einkum var byggður á læknisfræðilegu örorkumati, og var á grundvelli þess reynt að sannreyna raunverulegt tjón. Þó var ljóst, að áætlun þess hlaut ætíð að vera mörgum vafaatriðum undirorpin og að tjónsfjárhæð yrði að verulegu leyti háð mati, sem á margan hátt var óvisst.

Með hinum nýju skaðabótalögum voru sett ákvæði, sem samkvæmt greinargerð með frumvarpi að lögunum höfðu meðal annars þann megintilgang að endurbæta reglur um ákvörðun bóta fyrir tjón á mönnum, þar á meðal tjón vegna missis framfæranda, og að færa til nútímahorfs reglur um tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða. Samkvæmt greinargerðinni var og að því stefnt að gera lögin þannig úr garði, að tjónþoli fengi almennt, auk hæfilegra miskabóta, fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón sitt. Einnig var þar sagt, að hinar nýju reglur ættu að draga úr vafa og ósamræmi og vera einfaldari og skýrari en áður hefði tíðkast. Þetta ætti að leiða til sparnaðar og hagræðingar, greiða fyrir málsmeðferð og flýta fyrir því, að tjónþolar fengju bótafé í hendur. Ákvæði laganna ættu því að vera til þess fallin að efla réttaröryggi, þannig, að tjónþoli og hinn bótaskyldi ættu auðveldara með að gera sér grein fyrir því, hve miklar skaðabætur skyldi greiða vegna líkamstjóns, sem orðið hefði.

Hin nýju lög fela í sér gerbreytingu á reglum um örorkumat. Er þar tekið upp fjárhagslegt mat í stað læknisfræðilegs, og var megintilgangurinn sá að fá raunhæfari grundvöll til að miða varanlegt

tekjutap við. Þá eru í lögunum ákvæði um, að bótafjárhæðir verði í miklum mæli staðlaðar, svo og ákvæði um lágmark og hámark bóta í nánar greindum tilvikum. Í 6. gr. laganna er almenn regla um útreikning bóta fyrir varanlega örorku. Er þar miðað við, að árslaun tjónþola verði margfölduð með stuðli, sem við gildistöku laganna var 7,5, en var með lögum nr. 42/1996 hækkaður í 10. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, skal síðan margfölduð með örorkustigi. Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 50/1993 segir, að rökin fyrir föstum stuðli séu tvíþætt, annars vegar að einfalda ákvörðun bótafjárhæðar og hins vegar að komast hjá miklum og tíðum sveiflum á bótafjárhæðum vegna breytinga á vöxtum. Ástæða þess, að margföldunarstuðullinn var ekki hærri en 7,5, var meðal annars sögð sú, að ekki væri nú gert ráð fyrir því, að greiðslur frá þriðja manni, til dæmis bætur almannatrygginga, vátryggingarfé o. fl., væru dregnar frá skaðabótakröfu. Lágur margföldunarstuðull vegi á móti því hagræði, sem tjónþoli hafi af því, að þessar greiðslur dragist ekki frá skaðabótakröfu hans. Í greinargerð með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 42/1996, sagði, að ljóst væri, að þágildandi margföldunarstuðull væri ekki nægilega hár, til þess að slasað fólk fengi fullnægjandi bætur fyrir fjártjón, sem leiddi af varanlegri örorku. Lög nr. 42/1996 tóku gildi 1. júlí 1996. Í 3. gr. þeirra var ákvæði til bráðabirgða þess efnis, að dómsmálaráðherra skyldi skipa nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga. Skyldi frumvarp að breytingum á lögunum lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í október 1997, en með lögum nr. 149/1997 var þessi frestur framlengdur um eitt ár.

Á það er fallist með áfrýjanda, að í aflahæfi manna séu fólgin eignarréttindi, sem njóti verndar eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Á hinn bóginn er ótvírætt og raunar óumdeilt í málinu, að löggjafinn hefur heimild til að setja reglur um það, hvernig ákvarða skuli bætur, þegar aflahæfi manna er skert, enda sé það markmið slíkra reglna, að fullar bætur komi fyrir. Með skaðabótalögum nr. 50/1993 var bætt úr brýnni þörf fyrir lögfestar reglur á þessu sviði. Með lögunum var aðferðum við útreikning tjóns vegna varanlegrar örorku breytt í verulegum atriðum. Leitast var við að setja skýrari og einfaldari reglur um ákvörðun bótafjárhæða, sem til þess væru fallnar að draga úr vafa og leiða til skjótari og ódýrari málsmeðferðar.

Hins vegar er ljóst, að eftir sem áður verða bætur ekki ætíð ákveðnar þannig, að óyggjandi sé. Þó verður að telja, að hinar stöðluðu reglur laganna leiði til frekara samræmis í bótaákvörðunum og stuðli að jafnræði. Samanburður milli hins nýja bótakerfis og þess, sem áður gilti, er örðugur og getur ekki gefið einhlít svör um það, hvort hin nýju lög fullnægi því markmiði að tryggja tjónþolum fullar bætur fyrir fjártjón. Slíkt mat er torvelt, og verður að ætla löggjafanum nokkurt svigrúm í þessum efnum, enda er það hlutverk hans að setja almennar reglur um forsendur bótaákvarðana, þegar þess er þörf. Ekki verður annað séð en þau ákvæði skaðabótalaga, sem hér er um fjallað, þ. e. 5.–7. gr., eins og þau voru við setningu laganna 1993, hafi stuðst við málefnaleg sjónarmið og ekki falið í sér mismunun. Að öllu athuguðu verður að telja, að ekki hafi verið sýnt fram á það í málinu, að lögin hafi ekki getað þjónað ofangreindu markmiði og verði því ekki beitt um tjón áfrýjanda. Í þeim fólst skýrt og ótvírætt mat löggjafans, sem við svo búið verður ekki haggað af dómstólum.

Líta verður svo á, að með nýjum margfeldisstuðli 6. gr. skaðabótalaga, sem ákveðinn var með lögum nr. 42/1996, hafi komið fram breytt mat löggjafans á þeim tíma. Lög þessi öðluðust gildi 1. júlí 1996, eins og fyrr var getið, og er þar ekki gert ráð fyrir því, að hinu nýja ákvæði verði beitt um mál, sem eiga rætur að rekja til fyrri tíma. Er því ekki grundvöllur til þess, að dómstólar beiti ákvæðinu með þeim hætti.

Samkvæmt framansögðu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu af aðal- og varakröfu áfrýjanda á hendur stefndu sameiginlega.

V.

Þrautavarakrafa áfrýjanda miðast við reikniregla 6. gr. skaðabótalaga, eins og hún var, er áfrýjandi slasaðist. Er hún reist á niðurstöðu örorkumats Jónasar Hallgrímssonar um 7,5% varanlega örorku áfrýjanda. Samkvæmt matsgerðinni var hún gerð á grundvelli skaðabótalaga, og lýtur hún þannig að fjárhagslegri örorku. Segir í niðurstöðu hennar, að með tilliti til núverandi einkenna áfrýjanda sé líklegt, að vinnugeta hans sé eitthvað skert varanlega, sérstaklega á álagstímum, og sé enga aðra viðmiðun að hafa í því en

læknisfræðilega örorku. Sé varanleg örorka því talin 7,5%. Að gefnu tilefni frá lögmanni áfrýjanda taldi læknirinn ekki ástæðu til að breyta þessu mati sínu, eftir að álitsgerð örorkunefndar lá fyrir.

Fyrir liggur framangreint örorkumat, sem áfrýjandi aflaði. Örorkunefnd vísaði frá sér að meta varanlega örorku hans, og af hálfu stefndu Ásmundar Ólafssonar og Sjóvár-Almennra trygginga hf. var ekki frekar hlutast til um að afla gagna til að hnekkja matinu. Þykir því mega leggja það til grundvallar dómi. Tölulegum forsendum útreiknings áfrýjanda hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, en lögð eru til grundvallar meðallaun iðnaðarmanna á slysdegi, sbr. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, 1.542.900 krónur, að viðbættu 6% lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda að teknu tilliti til aldurs samkvæmt 9. gr. laganna og með verðbótum samkvæmt 15. gr., samtals 921.828 krónur. Verður krafa áfrýjanda á hendur ofangreindum stefndu um greiðslu þessarar fjárhæðar tekin til greina, en kröfunni er ekki lengur beint að stefnda íslenska ríkinu.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða máls þessa, að stefndi íslenska ríkið er sýkn af öllum kröfum áfrýjanda. Staðfest er málskostnaðarákvæði héraðsdóms varðandi þennan stefnda, og rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti í hans þætti falli niður.

Stefndu Ásmundur Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. verða samkvæmt framansögðu dæmdir óskipt til að greiða áfrýjanda samtals 987.688 krónur (65.860 + 921.828) með vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga og III. kafla vaxtalaga, eins og nánar segir í dómsorði. Þykir rétt, að upphafstími dráttarvaxta af allri fjárhæðinni miðist við þingfestingardag málsins í héraði, sbr. 15. gr. vaxtalaga. Þá verða þessir stefndu og dæmdir til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og kveðið verður á um í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndi íslenska ríkið er sýkn af kröfum áfrýjanda, Andrésar Andréssonar.

Stefndu Ásmundur Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. greiði áfrýjanda óskipt 987.688 krónur með 2% ársvöxtum frá 4. október 1993 til 13. febrúar 1997, sem höfuðstólsfærist ár-

lega, í fyrsta sinn 4. október 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. febrúar 1997 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest, að því er varðar stefnda íslenska ríkið. Málskostnaður í þeim þætti málsins fyrir Hæstarétti fellur niður.

Stefndu Ásmundur Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. greiði áfrýjanda óskipt samtals 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Meginmarkmið skaðabótalaga nr. 50/1993, sem á reynir í máli þessu, eru hin sömu og markmið þeirra ólögfestu reglna, sem áður var beitt við mat á tjóni af skaðabótaskyldu atferli. Er að því stefnt að veita þolendum kost á eðlilegum bótum fyrir skaðvænar afleiðingar atferlisins í fjárhagslegu og öðru tilliti. Ekki er horfið frá því, að reynt skuli að meta bæturnar eftir högum hvers og eins, sem í hlut á, fremur en meðaltalsreglum, þótt stöðlun matsþáttanna sé ríkari og að nokkru með öðrum hætti. Einnig verður svið þeirra hagsmuna, sem bótareglur eiga að vernda, ekki talið þrengt með lögunum að öðru en því, sem leiða kann af þessari auknu stöðlun. Meðal annars er unnt að taka tillit til afleiðinga í mynd þjáninga, hneisu, óþæginda, lýta og óprýði eða röskunar á stöðu eða högum, sem áður var um fjallað í 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því leyti, sem tjón af þeim taldist ekki fjárhagslegt í venjulegri merkingu, en annars eftir fjártjónsmælikvarða. Skýra verður ákvæði laganna með hliðsjón af öllu þessu, bæði í heild og í einstökum atriðum.

Málið er risið af umferðarslysi 4. október 1993, sem olli áfrýjanda líkamstjóni með tímabundnum og varanlegum afleiðingum fyrir fjárhag hans og heilsu. Lúta kröfur hans í fyrsta lagi að bótum fyrir missi atvinnutekna á fjögurra mánaða tímabili eftir slysið, sbr. 1. og 2. gr. skaðabótalaga. Ég er samþykkur þeirri niðurstöðu héraðs-

dóms og annarra dómenda, að sá missir sé ósannaður, og önnur krafa vegna tímabundins fjártjóns er ekki gerð.

Í öðru lagi krefst áfrýjandi þjáningabóta samkvæmt 1. og 3. gr. skaðabótalaga fyrir tímabilið frá slysdegi til 1. október 1994, þegar frekari bata af afleiðingum slyssins var ekki að vænta að áliti örorkunefndar, er starfar samkvæmt 10. gr. laganna. Ætla verður, að í umræddum lagagreinum sé átt við þjáningar í víðtækum skilningi, þar sem annað myndi leiða til óþarfrar þrengingar á rétti manna frá fyrri reglum. Á sá skilningur einnig við, þótt svo verði litið á 26. gr. laganna, að hún geti eftir atvikum náð til þjáninga, hneisu, óþægindа og annarrar röskunar, sem á líkamstjón að undirrót, en það sýnist unnt eftir orðanna hljóðan. Ákvæði 3. gr. um það, hvenær tjónþoli sé veikur og hvenær annars standi svo á, að þjáningabóta þurfi við, verður að skýra í þessu ljósi. Samkvæmt því getur orðið veikur hér ekki haft þá merkingu, sem algengust er og skírskotar einkum til sjúkdóma, sem eru sjaldgæfara viðfangsefni skaðabótaréttarins en áverkar af slysum og árásum gegn friðhelgi lífs og lima. Tekur merkingin hér ekki einungis til veikinda, sem leiða megi í ljós með læknisfræðilegu mati, heldur verður að horfa til víðari sjónarmiða um það, hvað þjáningum heyri til. Eftir gögnum málsins og kröfugerð áfrýjanda leiðir skýring með þessum hætti ekki til frekari bótagreiðslu en þeirrar, sem ákvörðuð er í II. kafla atkvæðis annarra dómenda. Með þeim athugasemdum, sem fyrr greinir, er ég sammála honum að öllu leyti.

Áfrýjandi hefur fengið greiddar bætur fyrir varanlegan miska samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga og afráðið að sætta sig við þær. Lýtur ágreiningur málsaðila í þriðja lagi að bótum fyrir varanlega örorku, sbr. 5.–9. gr. laganna. Þar reynir fyrst á það álitaefni, sem um ræðir í III. kafla atkvæðis annarra dómenda, og er ég alls kostar sammála honum.

Með ákvæðum 5. gr. laganna er því slegið föstu, að mat á varanlegri örorku eða skerðingu á aflahæfi sem afleiðingu líkamstjóns eigi að miða við fjárhagslega eða félagslega örorku tjónþolans, en ekki svonefnda læknisfræðilega örorku, sem hins vegar eigi að leggja til grundvallar um varanlegan miska samkvæmt 4. gr. laganna. Þessi stefnumörkun 5. gr. er ekki nýjung í sjálfu sér, heldur felst í henni sama inntak og hinum fyrri réttarreglum, sem einnig

stefndu að mati á raunverulegu fjártjóni hvers og eins. Óþarft er að fjölyrða um, hvort dómstólum hafi tekist um of misjafnlega að leysa úr því verkefni, og nægir í þess stað að fallast á, að löggjafinn hafi haft ástæðu til að taka hér af skarið framar en þeir höfðu gert.

Í málinu hefur Jónas Hallgrímsson læknir metið varanlega örorku áfrýjanda og telur hana nema 7,5%. Þetta mat er miðað við 5. gr. laganna, og fellst ég á það með öðrum dómendum, að leggja megi það til grundvallar við ákvörðun bóta.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna á að meginstefnu að mæla bætur til einstakra tjónþola vegna metinnar fjárhagslegrar örorku eftir vinnutekjum þeirra sjálfra á næstliðnu ári fyrir þann dag, er tjón varð, það er á síðustu tólf mánuðum. Þessi afmörkun á mælikvarða er ekki heldur eiginleg nýjung, þar sem dómstólar beittu áður staðlaðri skírskotun til fyrri tekna tjónþolans að undirstöðu til. Hins vegar er afmörkunin þrengri í tíma en sú þriggja ára viðmiðun, sem helst var leitað eftir, og svigrúm til að víkja frá henni samkvæmt heimild 2. mgr. 7. gr. kann að eiga að vera minna en það, sem dómstólar áskildu sér við notkun umgetinnar viðmiðunar. Um þá heimild þarf ekki að fjalla hér til hlítar, en hún veitir skýra vísbendingu um, að regla 1. mgr. þurfi að sæta þeim fyrirvara, að hún standist athugun sem eðlilegur mælikvarði á raunverulega hagi tjónþolans, svipað og hin eldri viðmiðun, og hið sama leiðir af meginmarkmiði laganna.

Á þetta reynir í máli áfrýjanda, og þarf í samræmi við heimildina að leita annarra viðmiðunartekna en launa hans sjálfs. Er ég sammála þykkur því, að miðað verði við meðalárslaun iðnaðarmanns, eins og hann hefur krafist.

Samkvæmt 6. gr. laganna, svo sem hún hljóðaði á slysdegi, átti fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku að nema 7,5–földum þeim árslaunum, sem við væri miðað, margfölduðum með örorkustiginu. Með lögum nr. 42/1996, sem tóku gildi 1. júlí 1996, var stuðullinn 7,5 hækkaður í 10. Þessir margföldunarstuðlar ásamt reglu 9. gr. laganna um áhrif aldurs tjónþola eiga að leysa af hólmi þær aðferðir, sem áður var beitt um ákvörðun bótafjárhæðar, eftir að gögn lágu fyrir um örorkustig og árlegt vinnutekjutap, og voru einnig staðlaðar að verulegu leyti. Var einkum stuðst við tryggingafræðilegan líkindareikning um ævitekjur tjónþola og ávöxtun þess fjár, sem

bæta ætti skerðingu þeirra. Enn fremur var tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu bótanna og skattfrelsi þeirra í höndum tjónþolans. Þessum reikniþáttum var það sameiginlegt, að þeir hlutu að ráðast af meðaltalssjónarmiðum að verulegu leyti. Vegna þess og almennra markmiða bótareglnanna töldu dómstólar sér heimilt og rétt að hafa niðurstöður þeirra til hliðsjónar fyrst og fremst, en eiga sjálfir hina endanlegu ákvörðun um fjárhæð bóta til tjónþolans, sem í hlut átti.

Regla 6. gr. um margföldunarstuðul er ófullkomin eins og hinar fyrri aðferðir. Hún bætir ekki úr óvissunni um það, hvort ákvarðaðar bætur muni reynast í eðlilegu hlutfalli við afleiðingar þeirrar örorku, sem tjónþolinn þarf að búa við. Ætti óvissan að vera meiri en minni frá sjónarhóli hans, ef öllu væri rétt til skila haldið við beitingu fyrri reglna. Hins vegar felur reglan í sér einföldun, sem greiðir fyrir skilvirku uppgjöri bóta. Nægir það til að réttlæta hana, ef hún telst annars hæfa yfirlýstu markmiði laganna um að tryggja fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að reglan svari ekki þessu markmiði og sé því ólögmæt, þar sem hún fari þá í bága við stjórnarskrárbundin réttindi hans. Samanburður við niðurstöður af reikningi bóta eftir fyrri aðferðum veitir þeirri staðhæfingu aðeins takmarkaðan stuðning, enda liggur ekki í augum uppi, að þær nái sjálfar að sýna, hvað telja megi fullar bætur í svo almennri merkingu, að tækt sé að meta eftir mælikvarða stjórnarskrárinnar. Sú ráðstöfun löggjafans að hafa margfeldisstuðulinn lægri en ella með tilliti til þess, að greiðslur frá þriðja manni komi ekki til frádráttar örorkubótum að öðru jöfnu, sbr. 4. mgr. 5. gr. laganna, verður að teljast málefnaleg og samrýmanleg grundvallaratriðum skaðabótaréttarins að því leyti, sem þau lúta að nauðsyn tjóndreifingar í þjóðfélaginu, þótt stuðlinum fylgi þar gallar einföldunar ásamt kostunum. Að teknu tilliti til þessa og annars, sem máli skiptir, virðist þó greinilegt, að stuðullinn 7,5 sé tiltölulega lágur, og útreikningar á ætluðu tjóni áfrýjanda benda mjög til, að með honum muni halla á málstað hans. Um gildi stuðulsins þarf að hafa í huga, að honum er ekki ætlað að nálgast raunveruleikann um feril hins einstaka tjónþola eftir slysið, heldur er það örorkumatið sjálft, sem því hlutverki á að gegna, ásamt athuguninni á fyrri vinnutekjum. Verður stuðull-

inn þannig að þola nokkuð beinan samanburð við líkindareikninga eins og þá, sem tíðkast hafa. Er sá samanburður ekki svo hagstæður, að álykta megi annað en löggjafanum hafi mistekist að ná hinu setta markmiði þrátt fyrir eindreginn vilja. Hefur Alþingi og viðurkennt í meðferð hinna síðari laga um stuðulinn, að hann hafi verið of lágur.

Þessu til viðbótar er það höfuðatriði í málinu, að Alþingi kvað ekki sérstaklega á um gildistöku stuðulsins 10 við setningu laga nr. 42/1996, heldur aðeins um gildistöku laganna sjálfra. Unnt var að segja skýrum stöfum, hliðstætt því, sem var í 28. gr. laga nr. 50/1993, að stuðullinn 7,5 ætti að gilda við uppgjör á tjóni af slysum, sem orðið hefðu fyrir 1. júlí 1996, en þetta var ekki gert. Verður að telja, að dómstólar hafi þannig svigrúm til að ákveða eftir almennum reglum laga, hvort annað eigi við. Áfrýjandi málsins hefur frá öndverðu gert fyrirvara og kröfu um hærri bætur en þær, sem reikningur með eldri stuðlinum færði honum. Er rétt, að hann njóti þess, að löggjafinn hefur endurskoðað mat sitt á stuðlinum og komist að niðurstöðu, sem leiðir til hærri bóta. Á það við eftir atvikum, að þeirri niðurstöðu verði fylgt í málinu, þannig, að áfrýjandi fái þær örorkubætur, sem varakrafa hans mælir um. Þessar bætur fái hann úr hendi stefndu Ásmundar Ólafssonar og Sjóvár-Almennra tryggginga hf., en sýkna ber stefnda íslenska ríkið af dómkröfum þegar af þeirri ástæðu, að ekki er sýnt fram á vafa um greiðslugetu þeirra.

Samkvæmt þessu eiga úrslit um efni málsins að vera þau, að umræddir stefndu greiði áfrýjanda 307.276 krónur umfram þá fjárhæð, sem honum er ákveðin í dómsorði annarra dómenda. Er ég samþykkur dómsorðinu og forsendum þeirra að öllu öðru en því, sem sérstaklega varðar þessa viðbótarfjárhæð.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júlí 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. júní síðastliðinn, er höfðað með stefnu, þingfestri 13. febrúar 1997.

Stefnandi er Andrés Andrésson, kt. 200863-2839, Iðufelli 2, Reykjavík.

Stefndu eru Ásmundur Ólafsson, kt. 140650-2939, Skúlagötu 11, Borgarnesi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, og íslenska ríkið.

Stefnandi gerir svofelldar dómkröfur á hendur stefndu:

1. Að stefndu Ásmundur Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

greiði stefnanda in solidum 607.349 kr. með 2% ársvöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 4. október 1993 til 16. apríl 1996, og höfuðstólsfærist þeir vextir árlega, í fyrsta sinn 4. október 1994. Fjárhæðin beri síðan dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 16. apríl 1996 til greiðsludags, og höfuðstólsfærist dráttarvextir árlega, í fyrsta sinn 16. apríl 1997.

2. Að stefndu, Ásmundur Ólafsson, Sjóvá-Almennar tryggingar og íslenska ríkið, greiði stefnanda in solidum aðallega 2.176.700 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 4. október 1993 til 13. febrúar 1997, en til vara 1.229.104 kr. með 2% ársvöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga frá 4. október 1993 til 13. febrúar 1997, og höfuðstólsfærist þeir vextir árlega, í fyrsta sinn 4. október 1994, en til þrautavara 921.828 kr. með 2% ársvöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga frá 4. október 1993 til 13. febrúar 1997, og höfuðstólsfærist vextir árlega, í fyrsta sinn 4. október 1994.

Í öllum tilvikum er krafist dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 13. febrúar 1997 til greiðsludags, og höfuðstólsfærist þeir vextir árlega, í fyrsta sinn 13. febrúar 1998.

3. Að stefndu greiði stefnanda in solidum málskostnað, ásamt virðisaukaskatti.

Stefndu Ásmundur Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. gera þær dómkröfur, að þeim verði gert að greiða stefnanda 211.150 kr., að viðbættum vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga frá slysdegi til greiðsludags. Þá krefjast stefndu þess, að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda íslenska ríkisins er krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað að mati réttarins.

I.

Málavextir.

Hinn 4. október 1993 ók stefndi, Ásmundur Ólafsson, bifreið sinni aftan á bifreið stefnanda, þar sem hún var kyrrstæð á afrein af Reykjanesbraut inn á Miklubraut. Kenndi stefndi eymsla í hálsi eftir óhappið og leitaði í framhaldinu til slysadeildar Borgarspítalans í Reykjavík, þar sem hann var síðar til meðferðar. Að beiðni stefnanda mat Jónas Hallgrímsson læknir miska og örorku stefnanda af völdum slyssins. Í matsgerð sinni, dagsettri 2. mars 1995, gerir læknirinn enn fremur grein fyrir afleiðingum slyss, sem stefnandi varð fyrir 14. september 1991. Er niðurstaða læknisins sú, að við fyrra slysið hafi stefnandi hlotið hálstognun, sem hins vegar hafi tekið sig upp við síðara slysið, og ný einkenni komið til. Telur læknirinn í niðurstöðum sínum, að afleiðingar slyss þess, er mál þetta tekur til, séu þær, að

tímabundið atvinnutjón stefnanda vegna þess sé 25% í fjóra mánuði, varanlegur miski sé 7,5% og varanleg örorka hin sama, 7,5%. Þá telur læknirinn, að skilyrði 3. gr. skaðabótalaga fyrir greiðslu þjáningabóta komi ekki til greina.

Hið stefnda tryggingafélag vildi ekki una þessu mati og óskaði eftir því við örorkunefnd, að hún mæti miska og varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins. Er niðurstaða örorkunefndar sú, að varanlegur miski stefnanda sé 5%. Hins vegar vísaði nefndin frá beiðni um mat á varanlegri örorku með þeim rökum, að um uppgjör bóta ætti að fara að hætti 8. gr. skaðabótalaga.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar sem hér segir:

1. Bætur fyrir tímab. tekjutap	kr.	128.319		
2. Þjáningabætur	–	267.880		
3. Miskabætur	–	211.150	kr.	607.349
4. Bætur vegna varanlegrar örorku, 4,1, aðallega:				
Varanleg örorka	kr.	2.531.000		
Lækkun v/skattfrelsis o. fl.	–	506.200		
	kr.	2.024.800		
Töpuð lífeyrisréttindi	–	151.900	kr.	2.176.700
4,2, til vara:				
1.634.944 × 10 × 7,5%	kr.	1.226.208		
Lækkun vegna aldurs, 5%,	–	61.310		
	kr.	1.164.898		
Hækkun v/verðbreytinga	–	64.206	kr.	1.229.104
4,3, til þrautavara:				
1.634.944 × 7,5 × 7,5%	kr.	919.656		
Lækkun v/aldurs, 5%,	–	45.983		
	kr.	873.673		
Hækkun v/verðbreytinga	–	48.155	kr.	921.828

Stefnandi styður kröfu um bætur fyrir tímabundið tekjutap við mat Jónasar Hallgrímssonar þar að lútandi um 25% örorku í fjóra mánuði, þar sem mið er tekið af því, að stefnandi hafi verið í 25% starfi við hreingerningar í Sunnuhlíð. Í annan stað sé litið til mánaðarlauna stefnanda í því starfi, sbr.

launaseðil fyrir september 1993, að viðbættu 6% lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda. Samtals nemi því krafa vegna tímabundins tekjutaps 128.319 kr.

Þess sé getið í álitsgerð örorkunefndar, að eftir 1. október 1994 hafi stefnandi ekki getað vænst frekari bata vegna afleiðinga umferðarslyssins en þá var orðinn. Þann dag hafi verið liðnir 362 dagar frá slysinu. Í 3. gr. skaðabótalaga segi, að greiða skuli þjáningabætur fyrir tímabilið, frá því að tjón varð, þar til ekki sé að vænta frekari bata. Sé tímamarkið fyrir lok tímabils þjáningabótanna þannig skýrt afmarkað í lögunum sjálfum, og hafi örorkunefnd á eins skýran hátt og mögulegt sé, sagt, hvenær þessu tímamarki hafi verið náð í tilviki stefnanda. Því sé ekki haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi verið rúmfastur af völdum slyssins, þannig að krafa hans fyrir þjáningabætur nemi umræddum dagafjölda, þ. e. 362 dögum × 740 kr., sem sé verðbætt lægra daggjaldið fyrir þjáningabætur samkvæmt 3. gr., sbr. 15. gr. skaðabótalaga. Miðist verðbætur samkvæmt 15. gr. við aprílmánuð 1996, en samkvæmt kröfugerð stefnanda beri umkrafðar bætur dráttarvexti frá 16. apríl 1996. Nemi krafa vegna þjáningabóta því samtals 267.880 kr.

Krafa um miskabætur taki mið af niðurstöðu örorkunefndar um 5% varanlegan miska og hina verðbættu upphæð samkvæmt 4. gr., sbr. 15. gr. skaðabótalaga, 4.223.000 kr., samtals 211.150 kr. Miðist verðbætur samkvæmt 15. gr. við aprílmánuð 1995, sbr. samhljóða útskýringar vegna kröfu um þjáningabætur.

Um bótakröfu vegna varanlegrar örorku sé það að segja, að eina fyrirliggjandi mat þar að lútandi sé mat Jónasar Hallgrímssonar læknis frá 2. mars 1995 um 7,5% varanlega örorku af völdum slyssins, og sé við það mat miðað. Sé því raunar þannig farið, að örorkunefnd hafi engar lagaheimildir til frávísunar með þeim hætti, sem raun varð á í áliti nefndarinnar í máli þessu. Sé hvorki í 10. gr. skaðabótalaga, reglugerð nr. 335/1993 með síðari breytingum né annars staðar gert ráð fyrir því, að nefndinni sé heimilt að vísa með þessum hætti frá fram kominni beiðni um mat á varanlegri örorku. Samkvæmt lögunum fari um bótarétt tjónþola annaðhvort eftir 5.–7. gr. eða 8. gr. þeirra, og sé bótaréttur í síðarnefnda tilvikinu verulega þrengri en í hinu fyrrnefnda. Um ákvörðun þess fari hins vegar eftir matskenndum lagaskilyrðum, sem aðilar sjálfir hafi auðvitað fullt forræði á og leysi úr á grundvelli samkomulags eða niðurstöðu dóms þar að lútandi. Vald örorkunefndar nái auðvitað ekki til þess að skera úr ágreiningi hér að lútandi, hvað þá óumbeðið, svo sem raun hafi orðið á. Samkvæmt skýrri hljóðan 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nái valdsvið nefndarinnar ekki til annars en gefa þröngt faglegt mat á því, hvert miskastig tjónþola sé, sbr. 4. gr. skaðabótalaga, og/eða, hvert varanlegt örorkustig sé á grundvelli 5. gr. laganna.

Stefnandi reisir kröfu sína vegna varanlegrar örorku aðallega á því, að hann falli undir 5.–7. gr. skaðabótalaga, en ekki 8. gr. þeirra, og beri því við bótaákvörðun að líta til metinnar varanlegrar örorku og þess tekjuviðmiðs, sem áður hafi verið gerð grein fyrir. Sé 8. gr. skaðabótalaga klárlega undantekningarregla frá þeirri meginreglu laganna, að mönnum beri bætur fyrir metna örorku eftir fyrirkomulagi 5.–7. gr. laganna. Sæti 8. gr. því þröngri túlkun. Þrátt fyrir tímabundna skólavist stefnanda sé alveg ljóst, að hann sé ekki tjónþoli, sem að verulegu leyti nýtir vinnugetu sína þannig, að hann hafi engar eða takmarkaðar vinnutekjur, sbr. 8. gr.

Ef hins vegar yrði talið, að stefnandi félli beinlínis undir 8. gr. skaðabótalaga, vísi hann sérstaklega til þess, að sú tilhögun þágildandi 8. gr. (breytt að hluta með 2. gr. laga nr. 42/1996) að svipta þá tjónþola, sem ekki stunda á slysdegi að meginstefnu til launað starf utan heimilis, bótarétti, þegar miskastig er lægra en 15%, standist ekki ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Sé þá í fyrsta lagi litið til þess, að reglu um, að aflahæfi manna njóti verndar eignarnámsákvæðis stjórnarskrárinnar, hafi verið að finna í 67. gr. hennar á þeim degi, er stefnandi slasaðist, en sé nú í 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Telji stefnandi, að löggjöf, sem mæli fyrir um, að tilteknir einstaklingar skuli sjálfkrafa sviptir bótarétti, nái metinn miski (læknisfræðileg örorka) þeirra ekki ákveðnu stigi, fái ekki staðist vegna ofangreindrar verndar stjórnarskrárinnar. Í öðru lagi telji stefnandi, að ákvæði 8. gr. brjóti í bága við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. laga nr. 97/1995, en slík regla hafi ótvírætt verið talin í fullu gildi á slysdegi, enda þótt í ólögfestu formi hafi verið. Sé í raun ástæða til að geta þess, að í upphaflegu frumvarpi að skaðabótalögum hafi verið gert ráð fyrir því, að í tilviki allra miðaðist bótaréttur fyrir varanlega örorku við 15% metinn miska að lágmarki. Við breytingar á frumvarpinu hafi slík „stýfing" hins vegar setið eftir eingöngu hjá þeim einstaklingum, sem 8. gr. skaðabótalaga taki til, án þess að nokkra skýringu hafi verið að finna á því í greinargerð með frumvarpi að lögunum. Geti það ekki með nokkrum hætti staðist, að ákveðinn hópur einstaklinga sé með þessum hætti sviptur bótarétti fyrir varanlega örorku, án þess að nokkur sértæk skoðun eða mat fari fram á líkum fyrir varanlegri starfsorkuskerðingu viðkomandi. Sé þetta auðvitað augljóst í tilviki stefnanda, sem hafi verið liðlega þrítugur á slysdegi, hafi frá tvítugu stundað almenna launavinnu, en þó síðustu árin verið í námi og sinnt hlutastarfi með því. Sé þannig fráleitt, að sú staðreynd, að stefnandi hafi kosið að afla sér frekari menntunar, leiði til þess, að hann verði sviptur bótarétti vegna framtíðar-starfsorkuskerðingar, bótarétti, sem verið hefði í fullu gildi, hefði ekki komið til tímabundins náms hans.

Um tölulegar forsendur telur stefnandi, svo sem fyrr segir, að aflahæfi manna njóti verndar eignarnámsákvæðis stjórnarskrárinnar, og til þess að njóta óskerts aflahæfis þurfi stefnandi að fá fullar bætur fyrir þá tekjuskerðingu, sem leiði af hinu bótaskylda slysi. Sé dómvenja fyrir því, hvernig reikna beri fjártjón manna, þegar örorka þeirra hefur verið metin. Séu þá lagðar til grundvallar viðeigandi forsendur um tekjuöflun, lengd starfsævi og ávöxtun framtíðartjóns. Telur stefnandi, að löggjöf, sem mæli fyrir um skerðingu á fullum bótum, þegar bótaréttur er virkur, fái ekki staðist vegna ofangreindrar verndar stjórnarskrárinnar. Sé ekki nokkur vafi á því, að í reiknireglu 6. gr. skaðabótalaga sé fólgin slík skerðing. Hafi tryggingastærðfræðingur verið fenginn til að reikna út tekjutjón stefnanda miðað við meðaltekjur og að öðru leyti við þær forsendur, sem hefðbundið sé að nota og ótal dómafordæmi séu til um. Nemi tjón stefnanda á slysdegi samkvæmt útreikningnum 2.531.000 kr. auk tapaðra lífeyrisréttinda, 151.900 kr. Standi dómvenja til þess að lækka tjónsfjárhæðina vegna skattfrelsis bóta og hagræðis af eingreiðslu þeirra. Sé hér miðað við 20% lækkun af þeim sökum. Sundurliðist fjártjón vegna varanlegrar örorku því með svofelldum hætti:

Varanleg örorka	kr.	2.531.000
Lækkun v/skattfrelsis o. fl.	–	506.200
	kr.	2.024.800
Töpuð lífeyrisréttindi	–	151.900
	kr.	2.176.700

Til frekari stuðnings sjónarmiðum um skerðingu fullra bóta með 6. gr. skaðabótalaga skuli það nefnt, að löggjafinn sjálfur hafi nú fallist á, að um slíka skerðingu sé að ræða. Felist það í lögum nr. 42/1996, þar sem hvort tveggja er gert, að hækka stuðul 6. gr. í 10 og mæla fyrir um frekari breytingar á lögunum á næstunni til að ná markmiðinu um fullar bætur.

Einungis sé gerð varakrafa vegna bótanna fyrir varanlega örorku. Geri varakrafan ráð fyrir útreikningi á tjóni stefnanda, þannig, að í stað stuðulsins 7,5 í 6. gr. skaðabótalaga sé notaður stuðullinn 10. Sé varakrafan á því reist, að hvað sem öðru líði, verði hækkunin á stuðlinum upp í 10 með 1. gr. laga nr. 42/1996 ekki skilin öðruvísi en fullkomin viðurkenning löggjafans á því, að fullar bætur fáist ekki með lægri stuðli. Sé í varakröfu miðað við meðaltekjur (iðnaðarmanna) á slysdegi, sem þá hafi numið 1.542.900 kr., að viðbættu 6% lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda, sbr. athugasemdir með 7. gr. frumvarps til skaðabótalaga, að teknu tilliti til lækkunar vegna aldurs samkvæmt 9. gr. laganna og með verðbótum samkvæmt 15. gr., samtals 1.224.918 kr., sbr. framangreinda sundurliðun.

Þrautavarakrafa sé og eingöngu vegna bótanna fyrir varanlega örorku. Sé hún reist á óbreyttum stuðli 6. gr. skaðabótalaga, þ. e. 7,5, eins og sá stuðull hafi verið fyrir breytinguna með 1. gr. laga nr. 42/1996. Sé í þrautavarakröfunni miðað við áðurnefndar meðaltekjur (iðnaðarmanna) á slysdegi að viðbættu lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda að teknu tilliti til lækkunar vegna aldurs samkvæmt 9. gr. skaðabótalaga og með verðbótum samkvæmt 15. gr. þeirra, samtals 921.828 kr., sbr. fyrrgreinda sundurliðun.

Íslenska ríkinu sé eingöngu stefnt vegna varanlegu örorkunnar. Sé krafan á hendur þessum stefnda studd því, að ríkið beri ábyrgð gagnvart stefnanda á því, sem leiði fyrir stefnanda, að 6. gr. skaðabótalaga mæli honum ekki fullar bætur fyrir þá skerðingu aflahæfis, sem hann hafi orðið fyrir í slysinu, og auk þess standist fyrirmæli 8. gr. skaðabótalaga ekki stjórnarskrá. Beri íslenska ríkið ábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hafi beðið af þessum sökum. Hinum tveimur stefndu, Ásmundi Ólafssyni og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., sé stefnt vegna allra kröfuliðanna. Miðist ábyrgð þeirra vegna varanlegu örorkunnar við það, að þessir stefndu geti ekki borið fyrir sig löggjöf, sem brjóti í bága við stjórnskipunarlög.

III.

Málsástæður og lagarök stefndu Ásmundar Ólafssonar og Sjóvár-Almennra trygginga hf.

1. Krafa stefnanda vegna tímabundins tekjutaps, þjáninga og miska.

Kröfu stefnanda fyrir tímabundið tekjutap, að fjárhæð 128.319 kr., sé hafnað af hálfu stefndu, þar sem stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir neinu tímabundnu tekjutapi vegna slyssins. Hafi engin gögn verið lögð fram, sem staðfesti það. Hvað þjáningabætur varði, að fjárhæð 267.880 kr., telji stefndu, að þeim beri að hafna með þeim rökum, að stefnandi hafi aldrei orðið veikur í skilningi 3. gr. skaðabótalaga, og beri honum því engar bætur að því leyti. Vísa stefndu í því sambandi einnig til örorkumats Jónasar Hallgrímssonar læknis. Hafi boð um greiðslu þjáningabóta í sjö daga verið umfram skyldu og ekki bindandi. Hins vegar eigi krafa um miskabætur, 211.150 kr., rétt á sér, og hafi stefnanda ávallt staðið sú greiðsla til boða.

2. Krafa um bætur vegna varanlegrar örorku. Aðalkrafa taki mið af 7,5% varanlegri örorku og útreikningi tryggingafræðings, er hvíli á líkindareikningi. Sé þar um að ræða útreikningsaðferð, sem notuð hafi verið fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993 og styðjist dómvenju. Hafi þessi aðferð á útreikningi fyrir bótum vegna líkamstjóns ekki verið lengur gildandi réttur, þegar slysið varð, heldur áðurgreind skaðabótalög. Beri því að hafna kröfu þessari, þar sem hún styðjist ekki við gildandi rétt.

Aðalkrafan miðist við, að stefnandi hafi hlotið 7,5% varanlega örorku við slysið. Reisi stefnandi það á mati Jónasar Hallgrímssonar læknis. Því mótmæla stefndu og benda á niðurstöður örorkunefndar í því efni. Eigi þetta einnig við varakröfu og þrautavarakröfu.

Í varakröfu og þrautavarakröfu sé gert ráð fyrir því, að varanleg örorka stefnanda sé 7,5%. Taki hin fyrrnefnda mið af skaðabótalögum með þeim breytingum, sem gerðar hafi verið á þeim með lögum nr. 42/1996, þar sem margföldunarstuðull árslauna hafi verið hækkaður úr 7,5 í 10. Þau lög hafi fyrst öðlast lagagildi 1. júlí 1996 og eigi því ekki við um það tjónsatvik, sem hér sé til meðferðar.

Þrautavarakrafan taki einnig mið af skaðabótalögum nr. 50/1993, en miði við óbreyttan margföldunarstuðul, þ. e. 7,5. Telji stefndu, að varakrafa og þrautavarakrafa standist ekki heldur, þar sem tjónstilvik það, sem hér um ræðir, heyri undir 8. gr. skaðabótalaga.

Lög nr. 50/1993 séu gild að stjórnskipunarrétti og nái til fjárhagslegra bóta vegna líkamstjóns á þeim tíma, sem slysið varð. Með þeim hafi löggjafinn verið að lögfesta efnisatriði, sem áður hafi verið ákveðin í samræmi við dómvenju. Sé það almennt viðurkennt, að hinar eldri reglur hafi m. a. leitt til þess, að mikil örorka hafi verið vanbætt, en lítil ofbætt. Með setningu skaðabótalaganna hafi verið tryggt, að tjónþolar fengju réttar bætur fyrir raunverulegt fjártjón. Fullyrðingar stefnanda um annað fái ekki staðist.

IV.

Málsástæður og lagarök stefnda íslenska ríkisins.

Af hálfu stefnda íslenska ríkisins er því haldið fram, að um þau atriði, sem mótast hafi af dómvenju, svo sem ákvarðanir um bætur vegna líkamstjóns, hafi almenni löggjafinn heimild til að setja reglur og breyta. Hafi svo verið gert með setningu skaðabótalaganna, en með þeim hafi einmitt verið að því stefnt, að tjónþolar fengju almennt, auk hæfilegra miskabóta, fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón, sem hlýst af völdum líkamsmeiðsla, en þessar bætur hafi í ýmsum tilvikum verið taldar óeðlilega lágar, en í öðrum of háar.

Reglur skaðabótalaganna geti m. a. falið í sér almenna takmörkun á bótarétti á tilteknum sviðum, svo sem með því að ákveða hámark bóta. Sé það reyndar viðurkennd regla, að heimilt sé að setja með lögum almennar takmarkanir á fjárhæð bóta vegna einstaks tjóns eða tjónsatburða. Telur stefndi ótvírætt, að ákvæði 6. gr. skaðabótalaga, sem setji fasta viðmiðun við ákvörðun bóta, fái staðist og hafnar röksemd stefnanda um, að með

setningu laganna hafi stjórnarskrárvarin eignarréttindi stefnanda verið skert.

Þá er einnig á það bent af hálfu stefnda, að verði bætur metnar til hærri fjárhæðar en ákvörðuð verði samkvæmt reikniregla 6. gr. skaðabótalaga, flytji það ekki fébótaábyrgð vegna einstakra slysa, sem metin yrðu umfram hámarkið, á hendur íslenska ríkinu.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að aflahæfi njóti ekki verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar, en að auki hafi stefnandi ekki verið skyldaður til að láta „eign" sína af hendi. Verði talið, að um skerðingu á eignarrétti hafi verið að ræða, er því haldið fram, að málefnaleg sjónarmið hafi legið til grundvallar setningu laga nr. 50/1993 og að um almennar takmarkanir hafi verið að ræða, sem nái jafnt til allra, er eins standi á um. Sé því ekki um skilyrði bótaréttar að ræða.

Þótt Alþingi hafi síðar breytt einstökum reglum skaðabótalaganna og útreikningi bóta, feli það ekki í sér viðurkenningu á, að í fyrri reglu hafi verið fólgin bótaskyld skerðing á stjórnarskrárvörðum eignarrétti stefnanda.

V.

Niðurstöður.

1. Tímabundið tekjutap. Stefnandi krefst bóta fyrir tímabundið atvinnutjón, er hann hafi orðið fyrir vegna slyssins. Í málinu liggja ekki fyrir gögn til stuðnings þeirri kröfu. Þess í stað kemur fram á launaseðli stefnanda fyrir september 1993, að heildarlaun hans frá Sunnuhlíð hafi að meðtöldum launum þann mánuð numið 276.376 kr. Á skattframtali stefnanda fyrir tekjuárið 1993 eru fram talin heildarlaun frá Sunnuhlíð, að fjárhæð 392.535 kr. Þá hafði stefnandi samkvæmt skattframtali 156.802 kr. í tekjur frá umræddum vinnuveitanda á næsta ári og 1.316.111 kr. frá Árvakri hf. Bendir framangreint því eindregið til þess, að stefnandi hafi fengið greidd laun fyrir vinnu sína á því tímabili, sem ofangreind krafa tekur til, sambærileg þeim, er hann hafði haft, áður en slysið varð. Þykir stefnandi þess vegna ekki hafa fært sönnur á, að hann hafi orðið fyrir tímabundnu tekjutapi. Er krafa hans þar að lútandi því ekki tekin til greina.

2. Þjáningabætur. Samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skal greiða þjáningabætur fyrir tímabilið, frá því að tjón varð, þar til ekki er að vænta frekari bata. Skilyrði er, að tjónþoli sé annaðhvort veikur eða rúmfastur á þeim tíma.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis segir um þennan þátt málsins: „Andrés var hvorki rúmfastur né veikur eftir slysið, og á þessi liður því ekki við." Í álitsgerð örorkunefndar er sagt, að eftir 1. október 1994 hafi

þess ekki verið að vænta, að tjónþoli fengi frekari bata af afleiðingum slyssins en þá var orðinn.

Þeirri fullyrðingu læknisins, að stefnandi hafi ekki verið veikur eftir slysið, hefur ekki verið hnekkt. Þá hníga gögn málsins eindregið í þá átt, að slysið hafi ekki leitt til þess, að stefnandi missti úr vinnu. Með vísan til þessa og þar sem krafa stefnanda styðst ekki við önnur haldbær gögn, er kröfuliið þessum hafnað.

3. Varanlegur miski. Krafa stefnanda um bætur fyrir varanlegan miska tekur mið af niðurstöðu örorkunefndar, er mat miskann 5%, sbr. 4. gr. skaðabótalaga. Kröfu þessari, að fjárhæð 211.150 kr., hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnda, og verður hún því tekin til greina, eins og hún er fram sett.

4. Varanleg örorka. Samkvæmt 28. gr. skaðabótalaga öðluðust lögin gildi 1. júlí 1993 og eiga við um skaðabótaábyrgð vegna tjóns, sem verður eftir gildistöku þeirra. Svo sem áður greinir, varð slys það, er mál þetta er sprottið af, eftir gildistöku laganna. Aðalkrafa stefnanda tekur hins vegar að öllu leyti mið af útreikningsaðferð, er notuð var fyrir gildistöku skaðabótalaga, en hún studdist dómvenju.

Eitt helsta nýmæli skaðabótalaga felst í því, að með þeim er tekið upp breytt mat á bótum fyrir varanlega örorku, meðal annars með því að meta fjárhagslega örorku tjónþola og miða við hana í stað hinnar læknisfræðilegu, sem áður var stuðst við. Er tekin upp stöðluð reikniregla til að ákvarða bætur fyrir varanlega örorku. Verður eignarréttarhugtak stjórnarskrárinnar eigi skilgreint svo, að eignarréttarákvæði hennar girði fyrir, að löggjafinn setji almennar reglur um ákvörðun fjárhæðar skaðabóta vegna líkamstjóns, er hafi sama markmið og eldri reglur höfðu, sem reistar voru á dómvenju, það er að tryggja einstaklingum almennt hæfilegar bætur fyrir fjárhagslegt tjón, sem hlýst af líkamsmeiðslum. Verður þannig að telja ljóst, að hinar nýju reglur skaðabótalaga leiði til þess, að sumir, sem hefðu fengið lægri bætur samkvæmt hinum eldri ólögfestu reglum, fái nú hærri bætur og öfugt.

Um rökstuðning fyrir föstum margföldunarstuðli við útreikning bóta er í athugasemdum með skaðabótalögunum vísað til þess, að annars vegar leiði þetta fyrirkomulag til einföldunar ákvörðunar bótafjárhæðar og hins vegar verði komist hjá miklum og tíðum sveiflum á bótafjárhæðum vegna breytinga á vöxtum. Ástæða þess, að lagt sé til, að margföldunarstuðullinn verði ekki hærri en 7,5, sé m. a. sú, að í „frumvarpinu“ [nú lögunum] séu engin ákvæði um, að greiðslur frá þriðja manni, t. d. bætur almannatrygginga, vátryggingafé o. fl., séu dregnar frá skaðabótakröfu, sem tjónþoli eigi gagn-

vart hinum bótaskylda. Vegi lágur margföldunarstuðull á móti því hagræði, sem tjónþoli hafi af því, að greiðslur frá þriðja manni dragist ekki frá skaðabótakröfu hans.

Stefnandi hafði þannig ekki eignast neinn bótarétt á grundvelli eldri reglna um ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku, er studdust dómvenju. Hafði því ekki stofnast nein eign honum til handa, áður en skaðabótalögin tóku gildi, sem hann varð fyrir beinni skerðingu á í skilningi 72. gr. stjórnarskrár, áður 67. gr. hennar, við gildistöku laganna. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða þær breytingar á mati á fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku, er urðu við lögfestingu skaðabótalaga, ekki taldar brjóta í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar. Á stefnandi því ekki rétt á bótum samkvæmt þeim reglum, er farið var eftir, áður en skaðabótalögin tóku gildi. Eru stefndu þar af leiðandi sýknaðir af aðalkröfu stefnanda um bætur vegna varanlegrar örorku.

Varakrafa og þrautavarakrafa eru reistar á reikniregla 6. gr. skaðabótalaga, þó þannig, að í varakröfu er stuðullinn 10 notaður, þrátt fyrir það að hann hafi ekki verið lögleiddur fyrr en með gildistöku laga nr. 42/1996 hinn 1. júlí 1996. Á sú reikningsaðferð sér því ekki lagastoð. Þá er örorkutjónsútreikningur tryggingafræðings, sem miðaður er við meðaltekjur iðnaðarmanna, lagður til grundvallar báðum kröfunum. Er þar einnig um að ræða aðferð við útreikning fjártjóns vegna varanlegrar örorku, sem tíðkaðist, áður en skaðabótalögin öðluðust gildi. Í þrautavarakröfu er hins vegar notaður sá stuðull, er hér á við. Verður nú fjallað um þá kröfu.

Við það er miðað af hálfu stefnanda, að hann falli undir 5.–7. gr. skaðabótalaga, en ekki 8. gr. Ber því í upphafi að taka afstöðu til þess álitaefnis.

Í álitsgerð örorkunefndar er komist að þeirri niðurstöðu, að stefnandi falli undir 8. gr., með þeim rökum, að á þeim tíma, sem umrætt slys varð, hafi stefnandi verið í námi og því haft litlar vinnutekjur, eins og títt sé um námsfólk. Við svo búið vísaði nefndin frá beiðni um mat á varanlegri örorku stefnanda.

Örorkunefnd starfar á grundvelli 10. gr. skaðabótalaga og reglugerðar nr. 335/1993. Hvorki í 10. gr. nefndra laga né reglugerðinni er gert ráð fyrir, að örorkunefnd hafi slíkt úrskurðarvald, sem hún tók sér með ofangreindri ákvörðun. Á ágreiningur um slík lagaatriði undir dómstóla og verður ekki falinn stjórnvaldi nema með skýrri lagasetningu, en endanlegt úrskurðarvald yrði þó ávallt hjá dómstólum. Samkvæmt því á umrædd frávísun örorkunefndar sér ekki lagastoð.

Í málinu liggur fyrir, að stefnandi, sem var þrítugur að aldri, er slysið varð, hafði starfað nokkuð á vinnumarkaði, áður en hann hélt áfram námi.

Kemur fram í álitsgerð örorkunefndar, að árið 1987 hafi stefnandi hafið störf hjá sorphreinsun Reykjavíkurborgar og unnið þar í tvö og hálft ár. Jafnframt þessu starfi hafi stefnandi numið módelteiknun í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og síðan hafið nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1990. Hafi hann lokið námi í grafískri hönnun frá skólanum vorið 1994. Meðfram námi hafi stefnandi unnið hlutastarf við ræstingar, en að námi loknu hafi hann byrjað störf sem annar af tveimur auglýsingateiknurum Morgunblaðsins, þar sem hann starfi enn.

Samkvæmt skattframtölum hafði stefnandi 404.020 kr. í tekjur árið 1991, 417.734 kr. árið 1992, 394.979 kr. árið 1993 og 1.472.913 kr. árið 1994.

8. gr. skaðabótalaga er undantekningarregla um útreikning bóta fyrir varanlega örorku, sem skýra ber þröngt. Verður því einungis notast við hana, ef ógerlegt er að beita 5.–7. gr. laganna. Með vísan til þessa er það niðurstaða dómsins, að þrátt fyrir tímabundið nám stefnanda verði ekki talið, að hann nýti vinnugetu sína að verulegu leyti þannig, að hann hafi engar eða takmarkaðar tekjur, svo sem áskilið er í 8. gr. skaðabótalaga. Er það því álit dómsins, að stefnandi falli undir 5.–7. gr. nefndra laga við útreikning á bótum fyrir varanlega örorku, vitanlega að því skilyrði fullnægðu, að hann sanni fjártjón sitt, en um mat á árslaunum færi að hætti 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.

Matsgerð Jónasar Hallgrímssonar læknis ber yfirskriftina Læknisfræðilegt örorkumat vegna slyss 14. 9. 1991. Í niðurstöðu læknisins um varanlega örorku stefnanda segir svo: „Með tilliti til núverandi einkenna Andrésar er líklegt, að vinnugeta hans sé eitthvað skert varanlega, sérstaklega á álagstímum, og er enga aðra viðmiðun að hafa í því en læknisfræðilega örorku. Varanleg örorka Andrésar er því talin vera 7,5% (sjö og hálft prósent).“

Skilja verður niðurstöðu matsgerðarinnar á þann veg, að læknisfræðileg örorka stefnanda sé hin sama og hin fjárhagslega. Að áliti örorkunefndar er læknisfræðileg örorka stefnanda vegna slyssins hins vegar 5%, en svo sem áður greinir, kom fjárhagsleg örorka stefnanda ekki til athugunar hjá nefndinni. Er niðurstöðu læknisins um örorkustig stefnanda mótmælt af hálfu stefndu Ásmundar Ólafssonar og Sjóvár-Almennra tryggingar hf. og bent á niðurstöðu örorkunefndar þar að lútandi.

Samkvæmt því, sem að ofan greinir, er ágreiningur milli aðila um varanlega örorku stefnanda, en í matsgerð Jónasar Hallgrímssonar er fjárhagsleg örorka talin hin sama og hin læknisfræðilega. Sú niðurstaða hans er hins vegar engan veginn rökstudd á þann veg, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, og er að mati dómsins í raun afar óljós. Fram kemur í

greinargerð með nefndri lagagrein, að við mat á bótum fyrir varanlega örorku fari eftir fjárhagslegum mælikvarða. Hafi það ekki sjálfstæð áhrif á rétt tjónþola til bóta, hve miklar afleiðingar líkamstjóns hans eru metnar eftir hreinum læknisfræðilegum mælikvarða, sbr. þó sérreglu um börn og fleiri í 8. gr. Hins vegar skuli fara eftir læknisfræðilegum sjónarmiðum, þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin.

Af framansögðu leiðir, að ekki verður ráðið af gögnum málsins, hver fjárhagsleg örorka stefnanda er, ef henni er á annað borð til að dreifa. Þykir þrautavarakrafa stefnanda því svo vanreifuð, að dómur verði eigi á hana lagður. Verður henni því vísað sjálfkrafa frá dómi.

Það er því niðurstaða dómsins auk áðurgreindrar frávísunar að hluta, að sýkna beri stefnda íslenska ríkið af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Þá verða stefndu Ásmundur Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. sýknaðir af kröfum stefnanda um bætur fyrir tímabundið tekjutap, þjáningabætur sem og aðalkröfu og varakröfu um bætur fyrir varanlega örorku. Hins vegar verða sömu stefndu dæmdir til að greiða stefnanda miskabætur, að fjárhæð 211.150 kr., með vöxtum, eins og krafist er. Um upphafsdag dráttarvaxta er vísað til þess, að ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu hins stefnda tryggingafélags, að það hafi boðið stefnanda greiðslu miskabóta, er álitsgerð örorkunefndar lá fyrir 16. mars 1996.

Eftir þessum úrslitum þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Dóminn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi íslenska ríkið er sýknaður af kröfum stefnanda, Andrésar Andréssonar, í máli þessu.

Stefndu Ásmundur Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. eru sýknaðir af kröfum stefnanda um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, þjáningabætur og aðalkröfu og varakröfu stefnanda um bætur fyrir varanlega örorku.

Stefndu Ásmundur Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. greiði stefnanda óskipt 211.150 kr. ásamt 2% ársvöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 4. október 1993 til 16. apríl 1996, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vextir samkvæmt 16. gr. vaxtalaga höfuðstólsfærist árlega, í fyrsta sinn 4. október 1994, sem og dráttarvextir, fyrst 16. apríl 1997.

Þrautavarakröfu stefnanda vegna varanlegrar örorku er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.